

Einar Aron Fjalarrson nemi og töframaður er einn yngsti skemmtikraftur landsins. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann haldið yfir 350 töfrásýningar.

Heillaðist af töfrunum á torginu

Það var vel tekið á móti mér á hlýlegu heimili Einars Arons og fjölskyldu. Einar einstaki eins og hann er ávallt kallaður heillaðist af töfrabrogðum árið 2005 er hann sá töframann sýna listir sínar á Akureyri. Hann ákvað að þetta yrði hann að læra og hefur hann æft sig láttlaust síðan til að ná markmiðum sínum. Ég get staðfest eftir þá einkasýningu sem ég fékk í heimsókn minni að þar er sannur töframaður á ferð.

„Þegar ég var tveggja ára flutti fjölskyldan til Húsavíkur þar sem við bjuggum í fjögur ár en þaðan lá leiðin til Akureyrar. Ég byrjaði í Giljaskóla en fór síðan í Síðuskóla.

Ég prófaði margar íþróttir á mínum æskuárum og æfði meðal annars fótbolta, handbolta, fimleika og frjálsum íþróttir. Þótt ég hafi verið liðtækur í fótbolta fann ég mig best í frjálsum sem ég æfði í tvö ár. Síðasta veturinn minn fyrir norðan tók ég þátt í Skólahreysti fyrir hönd Síðuskóla.”

Einar fæddist í Reykjavík 23. júlí 1996. Foreldrar hans eru Dögg Harðardóttir hjúkrunarfræðingur og Fjalarr Freyr Einarsson eðlis- og efnafræðikennari í Varmáskóla. Einar á einn yngri bróður, Jól, sem er 13 ára.

Fékk kennslubók í jólagjöf

„Í desember árið 2005 sá ég töframanninn Jón Víðis Jakobsson sýna töfrabrogð á Glerártorgi og ég gjörsamlega heillaðist af töfrunum. Ég fékk síðan kennslubók í töfrabrogðum eftir Jón í jólagjöf sem Jól bróðir minn gaf mér. Ég fór að æfa mig og fannst þetta mjög skemmtilegt. Ég fór að sýna vinum og ættingjum sem komu í heimsókn töfrabrogð og enginn slapp frá mér,” segir Einar og hlær. „Líklega hef ég verið frekar pirrandi.”

Hélt fyrstu sýninguna í barnaafmæli

„Það er til brandari um töframenn sem á mjög vel við mig. „Hvernig færðu töframann til að sýna þér hundrað töfrabrogð? Með því að biðja hann að sýna þér eitt.“ Seinna fékk ég töfrasett og þá gat ég sýnt meira.

Ég hélt mína fyrstu töfrásýningu í barnaafmæli. Við pabbi láguum svo á netinu og fundum alls konar síður sem sýndu einföld töfrabrogð sem ég gat notað. Pabbi hefur alltaf verið minn aðal stuðningsmaður og gefur sér alltaf tíma fyrir þetta með mér, meira að segja enn í dag.”

Setti myndband á Youtube

„Haustið 2007 var stofnað félag fyrir töframenn á Íslandi, Hið íslenska töframannagildi. Þá var ég 11 ára og fullur áhuga á að ganga í félagið en var of ungur. Pabbi tók þá upp nokkur myndbönd af mér og setti á Youtube og sendi slóðirnar á stjórn félagsins. Nokkrir meðlimir sýndu mér í kjölfarið mikinn stuðning og sendu mér til dæmis töfrakassa með alls konar brogðum til þess að æfa mig á.”



Fjölskyldan, Jól, Dögg, Einar Aron og Fjalarr Freyr.

HIN HLIÐIN

Uppáhaldsveitingastaðurinn?

Hlíllabátar.

Fallegasti staður í Mosfellsbæ?

Lautin fyrir aftan Hlégarð.

Bókin á náttborðinu? Biblían.

Uppáhaldsfylgihlutur? Gleraugun mín, án þeirra myndi ég ekkert sjá.

Bestu kvikmyndir allra tíma?

Coming to America með Eddie Murphy og The proposal.

Áttu þér óuppfylltan draum?

Já, mig hefur alltaf langað til þess að fara á töfraráðstefnu erlendis, helst í Bandaríkjunum.

Hvern faðmaðir þú síðast? Pabba minn.

Besti drykkurinn? Kaffi.

Eftir Ruth Örnólfsdóttur

MOSFELLINGURIN

ruth@mosfellingur.is

Eitt frægasta töfraatriði sögunnar

„Eftir þetta var ég í sambandi við töframenn í Reykjavík en þegar töframamaðurinn Baldur Brjánsson gaf út ævisögu og var að árita bókina á Akureyri bauð hann mér að vera með sér og sýna töfrabrogð. Það var algjör snilld. Baldur fékk mig líka til að vera aðstoðarmaður við eitt frægasta töfraatriði Íslandssögunnar, en það var þegar hann gerði uppskurð á manni og tók allskonar drasl úr maga hans.”

Komst inn á undanþágu

„Eftir að ég flutti suður fékk ég inngöngu í Hið íslenska töframannagildi á undanþágu. Ég var búinn að koma fram á bæjarhátíðum víða um land og hafði sýnt um 150 töfrásýningar og orðinn mun eldri og þroskaðri. Nú sit ég í stjórn félagsins.

Eftir því sem tíminn leið fór ég að fá tækifæri til að troða upp á ýmsum stöðum. Þegar ég var tólf ára var ég beðinn að sýna í 400 manna afmælisveislu. Mamma var alveg að fara á taugum og ég held að hún hafi beðið Guð um að ég klúðraði þessu ekki, en ég var alveg rólegur, sýndi og þetta gekk vel.”



Sýndi töfrabrogð í erfidrykkju

„Eftir þessa veislu var farið að hringja í mig út af alls konar uppákomum, bæði fyrir börn og fullorðna. Ég hef sýnt í erfidrykkju en var reyndar ekki pantaður þangað. Þannig vildi til að þegar bróðir ömmu var jarðaður kom lítil frændi minn til mín og vildi fá að sjá töfrabrogð. Ég fór að sýna honum allt mögulegt og áður en ég vissi af var kominn stór hópur af fólki í kringum okkur að horfa á.”

Langaði ekki í unglíngavinnuna

„Þegar kom að fyrstu sumarvinnu minni vildi ég helst vinna við töfrabrogðin en foreldrar mínir tóku það ekki í mál. Mig langaði ekki í unglíngavinnuna svo það varð úr að við pabbi förum saman í nokkur fyrirtæki til að kanna með störf og ég hafði heppnina með mér og fékk vinnu hjá Kexsmiðjunni. Þar vann ég á meðan ég bjó á Akureyri.

Vorið 2011 fluttum við í Mosfellsbæ. Ég sá fyrir mér alla möguleika hér í töfrabransanum og ekki síst að geta hitt félagi mína í Töfragildinu. Ég fór í 10. bekk í Varmáarskóla þar sem ég fann mig strax mjög vel. Ég fann góðan vínahóp og kennarnir voru líka mjög hjálpsamir. Við fjölskyldan erum hæstánægð með að búa í Mosfellsbæ. Eftir að ég flutti hingað hef ég unnið á útvarpsstöðinni Lindinni á sumrin.”



Tók þátt í Hæfileikakeppni Íslands

„Veturinn eftir að við fluttum tók ég þátt í Hæfileikakeppni Íslands. Í skólanum var stofnaður stuðningshópur í kringum mig sem breiddist hratt út. Ég komst áfram á lokavöldið þar sem ég sýndi skemmtilegt töfrabrogð. Ég lenti í 3. sæti í keppninni og í kjölfarið varð ég þekktari. Mér finnst eiginlega verst að geta ekki eingöngu unnið við töfrabrogð. Ég er núna í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ og útskrifast vorið 2015.”

Hélt mína fyrstu einkasýningu

„Ég hef sýnt á sameiginlegum sýningum töframanna en í haust hélt ég mína fyrstu einkasýningu. Hún var að sjálfsögðu haldin í mínum heimabæ en ég tók leikhúsið á leigu og sýndi þar fyrir fullu húsi. Ég vonast til að geta haldið aðra sýningu fljótlega. Mig langar einnig til að halda námskeið í töfrabrogðum fyrir byrjendur en það verður auglýst á heimasíðunni minni, www.einar-einstaki.com.”

» **Þegar ég var tólf ára var ég beðinn að sýna í 400 manna afmælisveislu. Mamma var alveg að fara á taugum og ég held að hún hafi beðið Guð um að ég klúðraði þessu ekki.**

Einstök töfrabrogð á DVD

„Stærsta verkefnið mitt til þessa er DVD diskur sem ég var að gefa út. Á honum kenni ég einföld töfrabrogð fyrir börn á öllum aldri sem auðvelt er að læra og nota til að skemmta sjálfum sér og öðrum.“ Ég spyr Einar að lokum hvar sé hægt að nálgast diskinn? „Það er hægt að kaupa hann beint af mér eða hjá Bymos og Artpro hér í Mosfellsbæ og hjá Spilavinum og Partybúðinni í Reykjavík.”